

Eyjafjarðarsveit
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi
601 Akureyri

Reykjavík 3. júlí 2018
UST201805-213/K.S.J.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2005 - 2025 - Tjarnavirkjun

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðarsveitar er barst 22. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005 – 2025 á svæði fyrir 1MW vatnsaflsvirkjun í landi Tjarna, Hólsgerðis og Halldórsstaða. Eins og fram kemur í upphafi greinargerðar er vatnsaflsvirkjunin framkvæmd sem tilkynna þarf til Skipulagsstofnunar skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var sú að áætluð framkvæmd er ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Áætlað er að virkjað fall verði 50 m og að virkjað rennsli verði um $2,8 \text{ m}^3 / \text{s}$.

Virkjanasvæðið


Í greinargerð kemur fram að aðalskipulagsbreytingin feli í sér að 12 ha svæði verði breytt úr landbúnaðarlandi í iðnaðarsvæði.


Umhverfisáhrif

Í greinargerð kemur fram að áhrif áætlaðra framkvæmda á fuglalíf eru talin óveruleg og að áhrifin verði aðallega á straumönd. Umhverfisstofnun bendir á að gæta þarf að því á varptíma að raska ekki varpi straumandar.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að vinnubrögð verði vönduð við gerð virkjunarinnar og að forðast verði allt óþarfa rask.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Agnar B. Bragason
Teymisstjóri